



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun íslenskrar bókasýningar  
dags 1998**

Heiðruðu gestir,

Fyrir þúsund árum þegar Íslendingar sóttu heim höfðingja Svíþjóðar var háttur þeirra að færa fram skáldsakp gestgjöfum til heiðurs og heilla.

Það er í anda þessarar hefðar í heimsókn minni til Svíþjóðar að opnuð sé sýning á íslenskum úrvalsverkum bæði nútímaútgáfum á Íslendingasögum og á skáldverkum ungra höfunda sem eru að skapa nýtt blómaskeið í íslenskum bókmenntum og á barnabókum sem íslensk æska hefur hafið til vegs á undanförunum árum.

Hér eru einnig til sýnis dýrgripir í íslenskri prentlist og bókagerð þar sem náttúru landsins er sungið lof og dýrð. Fjöllin, fossarnir, jöklarnir, eldsumbrotin, fegurð víðáttunnar og einnig hins smæsta litrófs í fjöru og í túngarði birtast okkur í túlkun fremstu ljósmyndara landsins og í gæðabúningi íslensks prentverks.

Það er skáldskapur, forn og nýr og hið mikla sjónarspil náttúrunnar sem færir okkur Íslendingum sjálfsvitund og ást á ættjörðinni.

Margir óttuðust að ofurvald tækni og afþreyingariðnaðar myndi deyfa áhuga á ljóði og texta, og draga allan mátt úr nýsköpun bókmenntanna.

Reyndin hefur blessunarlega orðið önnur. Tæknin hefur skapað nýja útbreiðslutíð og ungar kynslóðir sækja af krafti í gömul vé og fagna nýjum ritsmíðum.

Þessi kraftur hvílir ekki aðeins á traustri hefð, hann hefur einnig sótt afl í nýja bylgju skáldsagna og ljóða sem sett hefur svip á íslenskar bókmennti á þessum áratug í kjölfar gróskunnar sem fór að birtast nokkrum árum fyrir.

Á margan hátt búum við nú við nýja gullöld íslenskra bókmennta. Rithöfundar og skáld á góðum aldri, sum enn ung, færa okkur á hverju ári ný verk sem endurskapa skilning okkar á samtíð og sögu. Mörg þessara verka hafa verið þýdd á tungur annarra Evrópuþjóða og hlotið þar mikla athygli.

Það er greinilega frumkraftur í íslensku þjóðlífi og bókmenntahefð. Nýjar kynslóðir breyta honum í listaverk sem eiga erindi við aðrar þjóðir, alla menn á okkar tímum, framlag íslenskrar listar til að samtíminn geti náð áttum og við öll fótað okkur í framtíðinni.

Íslensk náttúra sem hér blasir við í undrafögrum bókum er tvímælalaust einnig ábyrgðaraðili á þessum sköpunarkrafti. Við færum henni þakkir með verkum snjallra ljósmyndara og hæfileikaríkra prentiðnaðarmanna sem sýna okkur hér í dag litasinfóníu Íslands í allri sinni dýrð.

Það er okkur mikil ánægja að bjóða sænskum frændum og vinum til dálítillar bókaveislu í miðborg Stokkhólms.

Það er mér mikill heiður að lýsa hana her með opna.